

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. apríl 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-22/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. febrúar 2010 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreiðinni A af tryggingafélaginu Y. Álitsbeiðandi segist hafa fengið rangar upplýsingar við kaupin á bifreiðinni og krefst riftunar þeirra.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 24. febrúar, óskaði kæruneftndin eftir nánari skýringum á því sem fram kemur í álitsbeiðninni og bárust þær 10. mars. Sama dag ritaði kæruneftndin Y bréf og gaf fyrirtækinu kost á andsvörum og bárust þau 18. mars. Með bréfi, dags. 19. mars var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 26. mars. Álitsbeiðandi óskaði eftir lengri fresti og var hann veittur til 31. mars. Enn óskaði álitsbeiðandi eftir lengri fresti og nú fram yfir páska en þeim lauk 5. apríl. Þegar engar athugasemdir höfðu borist frá álitsbeiðanda 16. apríl sl. var aðilum tilkynnt með bréfi, dags. þann dag, að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bifreiðina A á uppboði sem haldið var af fyrirtækinu Z. Fyrirtækið afsalar álitsbeiðanda bifreiðinni samkvæmt afsali og kaupsamningi, dags. 5. febrúar 2010. Seljandi er skráður Y. Bifreiðin var nýskráð 24. október 1997, ekin 169.174 km og kaupverðið var kr. 125.000. Skráð er í afsali og kaupsamningi að bifreiðin hafi lent í tjóni.

Álitsbeiðandi segir takmarkaðar upplýsingar hafa verið gefnar um ástand bifreiðarinnar og kaupsamningurinn hafi ekki verið lesinn yfir með sér. Forsendur kaupanna hefðu heldur en ekki breyst ef upplýst hefði verið um tjón á bifreiðinni og hefði hann þá aldrei boðið í hana. Það eina sem hafi verið upplýst hafi verið myndir af bifreiðinni þar sem sjáist að stuðarinn lafi aðeins niður vinstra megin að framan. Við það hafi hann sætt sig enda hafi bifreiðin verið á númerum og skoðuð án athugasemda 28. desember 2009. Hann hafi gefið sér það að bifreiðin væri í lagi þar sem aðrar upplýsingar hafi ekki legið fyrir. Álitsbeiðandi segir girrkassa og vél bifreiðarinnar vera ónýta og hana óökufæra. Engar kvartanir hans hafi verið teknar til greina. Sér hafi verið tjáð að skýrsla um ástand bifreiðarinnar sé til hjá seljanda en hann neiti að láta hana frá sér til Z. Álitsbeiðandi segir það að halda „gögnum um ástand vöru sem verið er að selja, og hafi áhrif á vöruna, finnst mér vera ekkert annað en vörusvik.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a. eftirfarandi:

„Þau ökutæki sem Y selur á útboði hjá Z eru ökutæki sem keypt eru úr tjóni. Algengt er að tjónið sé umfangsmeira en sem hægt er að sjá á myndum. Skilmálar uppboðsins eru aðgengilegir á heimasíðu Z Þar er bjóðendum bent á að senda fyrirspurnir vegna tjóna og menn hvattir til að skoða ökutæki áður en tilboð eru gerð, sjá úrdrátt úr skilmála hér að neðan. Á forsíðu uppboðsvefs er einnig tilgreint „... Við bendum bjóðendum á að það er áriðandi að þeir skoði uppboðsmuni áður en boð eru gerð þar sem myndir geta ekki lýst öllu tjóninu“. Skoðunarskylda hvílir því á bjóðendum en ökutæki eru seld í því ástandi sem þau eru í. X á því að vera ljóst að ökutæki sé tjónað og að umfang tjónsins það mikið að ökutækið stóð ekki undir viðgerð.

Varðandi svör X við bréfi frá kæruneftnd dagsett 24. febrúar þá gerum við athugasemdir við það sem sett er þar fram.

1. X talaði við B, forstöðumann ökutækjatjóna hjá Y. Var X bent á að ökutæki sem boðin væru upp í eigu Y væru keypt úr tjóni og honum ætti að vera það ljóst. Þar var X spurður hvort hann hafi skoðað bifreiðina áður en hann bauð í hana og keypti. X sagði að hann hafi ekki skoðað bifreiðina. Honum var bent á að hann bæri skoðunarskyldu sem hann hafi ekki uppfyllt.
2. Sjóvá telur það á ábyrgð kaupanda að lesa yfir kaupsamninga. Í kaupsamningi stendur „*bifreiðin sem er tjónuð, selst í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti*“. Meira að segja við undirritun og þegar bíllinn var sóttur hvorki skoðaði X ökutækið eða gerði athugasemd við ástand þess. Það að X gefi sér að tjónað ökutæki sé í lagi teljum við að flokkist sem gáleysi af hans hálfu. Kaupandi óskaði því ekki eftir nánari upplýsingum um tjónið fyrir en búið var að ganga frá kaupunum.
3. Við uppboð á ökutækjum fylgja með myndir af ökutækjunum í því ástandi sem það er. Það er þó eðlilega á ábyrgð kaupanda að skoða það ökutæki sem hann hyggst bjóða í. Áður en Y kaupir ökutæki „úr tjóni“ vegna umferðaróhapps fer ökutækið í tjónamat á viðurkenndu verkstæði þar sem umfang þess tjóns sem varð á ökutækinu í því tiltekna umferðaróhappi er metið. Þegar niðurstöður þess tjónamats liggja fyrir getur félagið fyrst tekið ákvörðun um það hvort viðkomandi ökutæki verði keypt „úr tjóni“ eða ekki. Tjónamat þetta er því fyrst og fremst vinnuþag fyrir félagið til ákvörðunar á því hvort ökutæki skuli keypt af eiganda þess eða ekki eftir tiltekið tjónsatvik. Þetta mat fylgir hins vegar ekki með ef viðkomandi ökutæki er í framhaldinu sett á uppboð, enda telur félagið enga skyldu til slíks og slíkt reyndar hugsanlega til þess fallið að gefa væntanlegum kaupanda ranga mynd af ástandi ökutækisins. Í þessu sambandi er rétt að benda á að tjónamat þetta tekur einungis mið af þeim skemmdum sem ökutæki verður fyrir í tilteknu tjónsatviki, þ.e. þegar taka á ákvörðun um það hvort félagið kaupi ökutæki af eiganda þess í kjölfar tiltekins tjónsatviks, en tjónamatið tekur í engu mið af öðrum hugsanlegum skemmdum eða annmörkum sem kunna að vera á ökutækinu og sem eru viðkomandi tjónsatviki óviðkomandi. Tjónamatið er því alls engin allsherjar úttekt á eiginleikum viðkomandi ökutækis. Einmitt vegna þessa eru væntanlegir kaupendur/bjóðendur sérstaklega upplýstir um að um tjónað ökutæki sé að ræða og þeir sérstaklega hvattir til þess að kynna sér það og skoða áður en ökutækið er keypt eða kauptilboð gert.“

Andsvörunum fylgdi úrdráttur úr skilmálum Z um útboð. Kemur þar m.a. fram að hægt sé að skoða bifreiðarnar áður en tilboð sé gert og væntanlegir kaupendur hvattir til þess.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Af gögnum málsins má helst ráða að Z hafi hagað sölu á bifreið þeirri sem álitsbeiðandi keypti á þann veg að mönnum hafi verið boðið að gera tilboð í hana en salan hafi ekki farið fram á þann venjubundna hátt að kalla eftir tilboðum þeirra sem viðstaddir eru á uppboðsstað. Í því tilviki sem hér um ræðir skiptir ekki máli hvor aðferðin var notuð en samkvæmt kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni var hún seld í „núverandi ástandi.“ Af því leiðir að um kaupin gilda m.a. 19. og 20. gr. laga nr. 50/2000 sem eru svohljóðandi:

■19. gr. *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða

c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

■20. gr. *Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl*

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heidarleika og góðri trú.

Reglur 2. mgr. gilda einnig hafi kaupandi fyrir kaup rannsakað sýnishorn af hlutnum eða látið það hjá líða án gildrar ástæðu og gallinn varðar eiginleika sem sjá mátti á sýnishorninu.

Bifreið sú sem álitsbeiðandi keypti var rúmlega 13 ára gömul þegar kaupin fóru fram og kaupverðið kr. 125.000. Bifreiðin var þannig komin til ára sinna. Samkvæmt ferilskrá bifreiðarinnar höfðu fjölmargir verið eigendur hennar frá upphafi. Rétt er að benda á að sé farið inn á netsíðuna bilauppbod.is þá sést að auglýst er að bifreið sé skráð tjónaökutæki. Þetta er að vísu ekki sönnun þess að svo hafi verið gert með þá bifreið sem álitsbeiðandi keypti en sterkar líkur benda þó til þess. Að áliti kærunefndarinnar mátti

álitsbeiðandi samkvæmt framansögðu gera ráð fyrir því að eitt og annað kynni að vera að bifreiðinni, enda þótt það væri ekki sérstaklega auglýst af hálfu seljanda. Var því rík ástæða fyrir hann að skoða bifreiðina vel fyrir kaupin.

Álitsbeiðandi lýsir því ekki í álitsbeiðni hvort og þá hvernig hann hafi skoðað bifreiðina og í andsvörum seljanda segir að álitsbeiðandi hafi enga skoðun gert á bifreiðinni fyrir kaupin. Álitsbeiðandi hefur lýst því að vél og gírkassi bifreiðarinnar sé ónýtur og bifreiðin óökufær og hefði það væntanlega komið í ljós við skoðun og reynsluakstur á bifreiðinni hefði ástand hennar á þeim tíma verið það sem álitsbeiðandi lýsir. Álitsbeiðandi sýnist samkvæmt gögnum málsins hins vegar hafa leitað eftir því að fá skýrslu um ástand bifreiðarinnar hjá seljanda eftir að kaupin fóru fram en ekki fyrir þau.

Í kaupsamningi og afsali stendur að bifreiðin sé „tjónuð“ þ.e. að hún hafi lent í tjóni. Um þetta átti því álitsbeiðandi að vita eða mátti a.m.k. vita það og getur ekki borið fyrir sig að afsalið, sem er undirritað af honum sjálfum, hafi ekki verið lesið yfir honum við undirskrift þess, en eðlilega átti hann sjálfur að lesa það sem hann skrifaði undir.

Samkvæmt framansögðu er álit kærunefndarinnar það, eins og atvikum málsins er háttað, að álitsbeiðandi hafi vanrækt lögbundna skoðunarskyldu sína með þeim hætti að geti nú ekki borið fyrir sig þá galla sem hann segir vera á bifreiðinni, sbr. ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2000 og því verði að hafna kröfum hans.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir